

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 280/1991.

**Selma Ó. Björgvinsdóttir og
Örn Falkner**

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

f. h. þrotabús Ulrichs Falkner

(Jón G. Briem hrl.)

Hjón. Gjaldþrotaskipti. Riftun. Endurgreiðsla. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1991. Þeir kröfðust aðallega frávísunar málsins frá héraðsdómi, til vara sýknu af öllum kröfum stefnda og til þrautavara lækkunar á stefnufjárhæð auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Við málflutning fyrir Hæstarétti féllu áfrýjendur frá kröfu sinni um frávísun málsins frá héraðsdómi. Þá féllu þau einnig frá mótmælum sínum gegn riftunarkröfu stefnda og samþykktu það, að fasteignin Lynghagi 15 í Reykjavík gengi aftur til búsins í samræmi við 64. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Áfrýjendur mótmæla aftur á móti endurgreiðslukröfu stefnda og halda því fram, að allar lýstar kröfur í þrotabúið séu að fullu greiddar. Lögðu þau fram nokkur ný gögn, sem þau telja styðja þá fullyrðingu, skömmu fyrir málflutning í Hæstarétti. Stefndi samþykkti framlagningu hinna nýju gagna, en mótmælti því sem röngu og ósönnuðu, að búið væri að greiða lýstar kröfur í þrotabúið. Ekkert liggur fyrir um það af þrotabúsins hálfu, að svo sé, og gegn andmælum stefnda telst það ósannað.

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst veðskuldabréfum þeim, sem þinglýst var á Lynghaga 15 29. ágúst 1988, tæpum sex vikum eftir skrásetningu kaupmálans milli áfrýjandans Selmu og eiginmanns

hennar. Með vísan til forsendna héraðsdómara ber að staðfesta niðurstöðu hans um tilurð veðsetningarinnar. Við það verður að miða, að tjón búsins nemi fjárhæð veðskuldabréfanna. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Selma Ósk Björgvinsdóttir og Örn Falkner, greiði stefnda, Íslandsbanka hf. vegna þrotabús Ulrichs Falkner, 200.000 krónur in solidum í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 19. október 1989, upphaflega af Útvegsbanka Íslands hf., sem síðar varð Íslandsbanki hf., vegna þrotabús Ulrichs Falkner, kt. 210737-2949, gegn Selmu Ósk Björgvinsdóttur, kt. 101238-3779, og Erni Falkner, kt. 280960-3499, báðum til heimilis að Lynghaga 15, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að rift verði með dómi gjöf Ulrichs Falkner til eiginkonu sinnar og stefndu í málinu, Selmu Ó. Björgvinsdóttur, sem fólst í yfirfærslu eignaréttar hans yfir til hennar á fasteigninni Lynghaga 15, Reykjavík, með gerð kaupmála, sem gerður var 19. júlí 1988 og tilkynntur og skráður þann dag á eignina, og að framangreindur kaupmáli verði afmáður úr veðmálabókum.

2. Að rift verði með dómi afsali Selmu Ó. Björgvinsdóttur til sonar síns, Arnar Falkner, dags. 1. september 1988, þar sem Selma Ósk afsalar Lynghaga 15, Reykjavík, í framhaldi af því, að hún fær þá eign að gjöf með kaupmála 19. júlí 1988.

3. Að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda 12.000.000 kr. með dráttarvöxtum [...]. Til vara er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmd til þess að greiða stefnanda 9.333.902,30 kr. með dráttarvöxtum [...]. Prautavarakrafa stefnanda er, að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda lægri fjárhæð að mati réttarins [...].

4. Krafist er málskostnaðar ásamt virðisaukaskatti úr hendi stefndu [...].

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda í

máli þessu. Verði ekki á sýknukröfuna fallist, er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða fjárhæð að mati réttarins. Verði ekki á sýknukröfu fallist, er sú krafa gerð af hálfu stefndu, að hin dæmda fjárhæð beri ekki dráttarvexti, heldur innlánsvexti eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Af hálfu stefndu var einnig gerð krafa um frávísun málsins, en með úrskurði, upp kveðnum 30. apríl 1990, var frávísunarkröfu hafnað.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að Ulrich Falkner hafi verið úrskurðaður gjaldþrota 30. janúar 1989. Hafi úrskurðurinn verið kveðinn upp samkvæmt skiptabeiðni Útvegsbanka Íslands hf., sem barst skiptaráðanda 10. nóvember 1988. Hafi innköllun verið birt í Lögbirtingablaði 22. febrúar 1989. Kröfúlýsingarfresti hafi lokið 22. apríl 1989. Á skiptafundi 30. maí 1989 hafi verið ákveðið, að stefnandi þessa máls myndi fyrir þrotabúið höfða riftunarmál vegna gerninga Ulrichs fyrir gjaldþrotið, ef grundvöllur gæti talist til riftunar samkvæmt 8. kafla gjaldþrotalaga.

Eftirfarandi aðilar hafi lýst kröfum í þrotabúið, sem samþykktar voru:

1. Útvegsbanki Íslands hf.	kr.	16.131.758
2. Tollstjórinn í Reykjavík	–	37.449
3. Gjaldheimtan í Reykjavík	–	167.700
4. Landsbanki Íslands	–	1.652.327
5. Iðnaðarbanki Íslands hf.	–	2.221.973
Samtals	kr.	<u>20.179.207</u>

Eins og fram komi í kröfugerð, hafi Ulrich og Selma gert kaupmála, sem dagsettur sé og skráður í þinglýsingabók 19. júlí 1988. Sé í kaupmálanum kveðið á um, að einbýlishúsið að Lynghaga 15, Reykjavík, ásamt bílskúr og meðfylgjandi lóðarréttindum, skuli vera séreign Selmu, og jafnframt, að það, sem í stað ofangreindrar eignar kæmi, skyldi einnig verða séreign hennar. Við yfirheyrslur hjá fulltrúa borgarfógeta hafi komið fram hjá Ulrich, að eignin hafi orðið séreign Selmu, án þess að nokkurt endurgjald hefði komið fyrir. Hafði Ulrich áður einn verið þinglýstur eigandi eignarinnar.

Hinn 29. ágúst 1988 hafi þremur skuldabréfum verið þinglýst á eignina, að fjárhæð 4.000.000 kr. hvert. Séu bréfin út gefin af Ulrich Falkner.

Hinn 1. september 1988 hafi stefnda, Selma Ósk, síðan afsalað eigninni Erni Falkner, sem sé sonur þeirra hjóna, sem svo sé lýst í afsali: „Allt einbýlishúsið nr. 15 við Lynghaga í Reykjavík ásamt meðfylgjandi bílskúr,

leigulóðarréttindum og girðingum.“ Í afsalinu segi svo um veðsetningar á hinni seldu eign:

„1. veðr. skuld við Breiðfirðingaheimilið skv. veðbréfi, dags. 15. 1. 1986 og 21. 12. 1983, upphafll. 60.000 kr. 2. og 3. veðr. skuld við Pétur P. Sig. skv. veðbréfi, dags. 19. 3. 1986, upphafll. 1.200.000 kr. 4. og 5. veðr. skuld við Pétur P. Sig. skv. veðbréfi, dags. 30. 7. 1986, upphafll. 800.000 kr. 6. veðr. skuld við handhafa skv. veðbréfi, dags. 3. 7. 1988, upphafll. 12.000.000 kr. Veðbókarvottorð liggur frammi við afsalsgerðina.“

Af hálfu stefndu er um málavexti vísað til fram lagðra gagna, en þess sérstaklega getið, að ranglega sé haldið fram í stefnu, að skiptafundur hafi verið haldinn í þrotabúi Ulrichs Falkner 30. maí 1989. Þá er af hálfu stefndu einnig bent á, að svo sem fram lögð gögn beri með sér, séu allar kröfur stefnanda í þrotabúi Ulrichs Falkner vegna ábyrgðarskuldbindinga fyrir Guðmund Axelsson. Stefnandi hafi haft veð í eignarhluta Guðmundar í fasteigninni nr. 8 við Laugaveg í Reykjavík. Mjög lítið hafi hvílt á undan því tryggingarbréfi. Á nauðungaruppbóði 13. desember 1989, þriðja og síðasta, hafi stefnandi verið hæstbjóðandi fyrir samtals 20.100.000 kr. Megi telja líklegt, að kröfur þær, sem stefnandi lýsti í þrotabúi Ulrichs Falkner, séu greiddar.

Málsástæður og lagarök.

Málsástæður stefnanda eru eftirfarandi:

Fjárhæð aðalkröfu samkvæmt 3. lið kröfugerðar er rökstudd með því, að þinglýsing þriggja veðskuldabréfa, hvers að fjárhæð 4.000.000 kr., 30. ágúst 1988 á eignina bendi til þess, að þau, sem að útgáfunni stóðu, Ulrich Falkner og stefnda, Selma Ósk, sem samþykkti veðsetninguna sem þinglýstur eigandi, hafi sjálf metið nettóandvirði eignarinnar a. m. k. 12.000.000 króna virði, hvort sem veðskuldabréfin voru gefin út til málamynda eða ekki. Í fyrra tilviki væri málamyndagerningur of ótrúverðugur, ef nettóandvirði væri lægra en næmi andvirði bréfanna. Í síðara tilviki væri aldrei hægt að selja bréfin, nema nettóandvirði eignarinnar stæði í raun fyrir skuldinni.

Fjárhæð fyrstu varakröfu samkvæmt 3. lið kröfugerðar þessarar miðast við áætlað söluverð fasteignarinnar að Lynghaga 15, Reykjavík, út frá brunabótamati, eins og það reiknast vera í júlí og september 1988, þegar þeir gjafa- og afsalsgerningar fóru fram, sem riftunarmál þetta er sprottið af. Brunabótamat eignarinnar í júlí og september 1988 miðist við brunabótamat janúarmánaðar, 8.299.475 kr., sem hækkað sé upp í hlutfalli við hækkun byggingarvísitölu á þessu tímabili. Sé fjárhæðin reiknuð þannig: $8.299.475 \times 388/345 = 9.333.902,32$.

Kröfufjárhæðir séu miðaðar við, að fasteignin hafi verið gefin Selmu Ósk án 12.000.000 kr. veðskuldar á 6. veðrétti, þótt skuldabréfin hafi 3. júlí 1988 sem útgáfudag, en kaupmálinn er dagsettur og skráður tveimur vikum síðar, enda sé veðskuldabréfunum ekki þinglýst fyrr en 30. ágúst 1988. Þar að auki hafi ekki verið upplýst, hvort um raunverulega skuld sé að ræða á bak við bréf þessi. Séu hin stefndu því í aðalkröfu samkvæmt 3. lið kröfugerðarinnar krafín in solidum um áætlað andvirði eignarinnar, eins og framangreind veðsetning á 6. veðrétti sé málamyndakrafa.

Stefnandi heldur því fram, að riftun gagnvart stefndu sé heimil á grundvelli 1. mgr. 51. gr., sbr. 2. mgr. 66. gr. sömu laga, að því er stefnda Örn varðar, enda séu bæði stefndu nákomín þrotamanni samkvæmt 2. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, þar sem Selma Ósk sé eiginkona hans, en Örn sonur þeirra hjóna. Þar sem eignin, sem verið hafði eign Ulrichs Falkner, hafi verið látin renna til stefndu, Selmu, án þess að nokkuð kæmi fyrir, sé um gjafagerning að ræða og í raun gjafagerning til nákomins. Ráðstöfun þessi sé því riftanleg, því að hún fari fram innan sex mánaða frests, sem gildi gagnvart þrotabúi þess, er gjafagerninginn gerði, sbr. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 6/1978. Þá sé auðséð, að gjöf þessi hafi verið kostnaðarsamari en svo, að svaraði til aðstöðu Ulrichs.

Krafa stefnanda um greiðslu úr hendi stefndu, Selmu Óskar, til búsins er miðuð við 62. gr. laga nr. 6/1978. Sé í þessu sambandi gert ráð fyrir, að auðgun stefndu, Selmu Óskar, hafi numið andvirði gjafarinnar, þegar hún var gefin 19. júlí 1988. Sé ekki á það fallist, skuli á það bent og fullyrt, að Selmu Ósk hafi verið ljóst, að ráðstöfunin hafi verið riftanleg, enda hafi henni verið birtar þrjár stefnur á eiginmann sinn í maí 1988 vegna skulda, sem þá hafi staðið samtals í rúmlega 13,7 milljónum króna. Sé því einnig byggt á því, að 3. málsliður 1. mgr. 62. gr. laga nr. 6/1978 eigi við í málinu við ákvörðun endurgreiðslukröfunnar og að þrotabúið eigi kröfu á hendur Selmu Ósk, sem samsvari tjóni búsins.

Sé riftun einnig heimil á grundvelli 61. gr. laga nr. 6/1978, enda hafi ráðstöfun þessi, sem telja megi ótilhlýðilega, eins og á stóð, gert Ulrich ógjaldfæran og hafi leitt til þess, að eignin hafi ekki verið til reiðu til fullnustu, þegar aðför var reynd í eignum hans 3. október 1989, og beri því Selmu Ósk að greiða þrotabúinu bæt看 eftir almennum reglum, sbr. 63. gr. laga nr. 6/1978. Bæt看 samkvæmt almennum reglum séu skaðabæt看 fyrir það tjón, sem þrotabúið verði fyrir við það, að gjöfin er gefin.

Endurgreiðslukrafa þrotabúsins á hendur stefnda, Erni, er samkvæmt 62. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 66. gr. þeirra laga, einkum 2. mgr., þar sem stefndi Örn sé nákominn þrotamanni. Þar sem honum mátti vera ljós

rifanleiki ráðstafananna, m. a. með tilliti til þess, að birtar hafi verið á heimili hans framangreindar áskorunarstefnur, sé til þess vísað, að 3. málsliður 1. mgr. 62. gr. laga nr. 6/1978 eigi við og hann verði því dæmdur til greiðslu stefnukröfunnar in solidum með stefndu, Selmu Ósk. Ella verði að miða við, að sú einhliða greiðsla, sem stefndi, Örn, hlaut með afsali 1. september 1988, hafi komið honum að fullum notum þannig, að ávinningurinn af gerningnum nemi kröfufjárhæð skv. 3. lið kröfugerðar, ef gerningarnir fá að standa áfram.

Umboð stefnanda styðst við 1. mgr. 114. gr. gjaldþrotalaga og ákvörðun skiptafundar um málsókn þessa.

Sýknukrafa stefndu er reist á því í fyrsta lagi, að kröfur þær, sem stefnandi lýsti í þrotabú Ulrichs Falkner, séu greiddar og því ekki grundvöllur fyrir málshöfðun þessari.

Þá er því fram haldið, að riftunarheimildir þær, sem stefnandi vísar til, eigi ekki við í málinu. Ákvæði 51. gr. laga nr. 6/1978 taki til gjafagerninga. Í því tilviki, sem hér um ræði, sé ekki um gjöf að ræða, þar sem svo mikið hafi hvílt á fasteigninni nr. 15 við Lynghaga í Reykjavík. Ákvæði 61. gr. laga nr. 6/1978 geti ekki heldur átt hér við. Um þau tilteknu skilyrði, sem krafist er í ákvæðinu, hafi ekki verið að ræða, og ekki sé leitast við af hálfu stefnanda að sanna það, en hann beri alla sönnunarbyrði samkvæmt ákvæðinu.

Jafnvel þótt á riftunarkröfuna verði fallist á grundvelli 51. gr. laga nr. 6/1978, hafi stefndu ekki haft af neina auðgun, og því eigi 62. gr. s. l. ekki við. 3. ml. 1. mgr. 62. gr. laga nr. 6/1978 geti ekki átt hér við, þar sem stefndu, Selmu, hafi alls ekki verið kunnugt um riftanleika ráðstöfunarinnar. Verði fallist á riftunina á grundvelli 61. gr. laga nr. 6/1978, eigi 63. gr. ekki við, þar sem stefndu hafi engan sannanlegan hag haft af ráðstöfuninni.

Niðurstaða.

Sýknukröfu sína reisa stefndu m. a. á því, að kröfur þær, sem stefnandi, Íslandsbanki hf., áður Útvegsbanki Íslands hf., lýsti í þrotabú Ulrichs Falkner, séu greiddar og því ekki grundvöllur fyrir málshöfðun þessari. Gegn andmælum stefnanda telst fullyrðing þessi ósönnuð.

Ómótmælt er, að gjaldþrotaskiptabeiðni barst skiptaráðandanum í Reykjavík 10. nóvember 1988, og telst sá dagur frestdagur, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1978.

Fasteignin að Lynghaga 15 var með kaupmála gerð að séreign stefndu, Selmu Óskar, en Ulrich Falkner hafði áður verið þinglýstur eigandi fasteignarinnar. Með hliðsjón af 1. og 2. mgr. 30. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 20/1923 um fjármál hjóna, verður að telja, að þessi ráðstöfun fasteignarinnar að Lynghaga 15 hafi verið gjöf, sem hafi réttaráhrif gagnvart öðrum en þeim

sjálfum frá skrásetningu kaupmála 19. júlí 1988 og sé því riftanleg samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga nr. 6/1978.

Með afsali, dags. 1. september 1988, afsalaði stefnda, Selma Ósk Björgvinsdóttir, fasteigninni Lynghaga 15, Reykjavík, syni sínum, stefnda Erni Falkner. Samkvæmt afsalinu fólst kaupverð eignarinnar í því, að Örn tók að sér að greiða áhvílandi veðskuldir, þ. á m. veðskuld á 6. veðrétti, upphaflega 12.000.000 kr., auk veðskulda á 1. til 5. veðrétti, sem áður er gerð grein fyrir.

Þegar lítið er til þess, hvenær veðskuldabréf þau, sem tryggð eru með 6. veðrétti í umræddri fasteign, voru gefin út og þeim þinglýst, svo og til þess, að stefndu hafa þrátt fyrir áskoranir stefnanda þar um hvorki viljað upplýsa, hver sé handhafi veðskuldabréfanna, né gert grein fyrir tilurð skuldarinnar, þykja þau verða að bera hallann af sönnunarskorti varðandi þá fullyrðingu stefnanda, að um málamyndagerninga hafi verið að ræða. Ber því skv. framansögðu að fallast á, að í umræddum afsalsgerningi hafi falist gjöf til stefnda, Arnar, sem riftanleg sé samkvæmt 51. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 66. gr. sömu laga.

Ber því að taka til greina kröfu stefnanda samkvæmt fyrsta og öðrum tölulið.

Endurgreiðslukrafa stefnanda, sem gagnvart stefndu, Selmu, er studd 62. gr. gjaldprotalaga, en gagnvart stefnda, Erni, 62. gr., sbr. 66. gr. s. 1., miðast við fjárhæð veðskuldar, hvílandi á 6. veðrétti, og áður er um fjallað. Með hliðsjón af því, að kaupverð hinnar umræddu eignar skyldi samkvæmt afsali nema fjárhæð þeirra veðskulda, er stefndi, Örn, tók að sér að greiða og hvíldu á eigninni, svo og því, sem áður er rakið um veðskuld á 6. veðrétti, ber að fallast á það með stefnanda, að auðgun stefndu hafi numið 12.000.000 kr., og er stefndu með vísan til framangreindra lagagreina gert að greiða stefnanda þá fjárhæð með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, en krafa stefnanda um dráttarvexti er ekki tekin til greina. Rétt þykir að miða upphafstíma vaxtanna við 1. september 1988.

Eftir úrslitum málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 500.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Rift er gjöf Ulrichs Falkner til stefndu, Selmu Óskar Björgvinsdóttur, á fasteigninni Lynghaga 15, Reykjavík, samkvæmt kaupmála, dagsettum og skráðum 19. júlí 1988, og ber að afmá hann úr veðmálabókum.

Rift er afsalsgerningi, dags. 1. september 1988, þar sem Selma Ósk

Björgvinsdóttir afsalar Erni Falkner fasteigninni Lynghaga 15, Reykjavík.

Stefndu, Selma Ósk Björgvinsdóttir og Örn Falkner, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf. vegna þrotabús Ulrichs Falkner, 12.000.000 kr. með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 1. september 1988 til greiðsludags og 500.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
